

flutninginn, en áður en þeir gátu öðlzt réttindi í sjúkrasamlagi eftir þeim reglum, sem áður giltu.

*Gjört að Bessastöðum, 31. desember 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Magnús Kjartansson.*

## L Ö G

### um kaup á skuttogurum.

#### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Að ég, samkvæmt 2. gr. laga nr. 78 4. maí 1972 um breyting á lögum nr. 40 11. maí 1970 um kaup á sex skuttogurum, hef látið fella efni hinna fyrrnefndu laga inn í hin síðarnefndu og gef þau út svo breytt:

#### 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að láta smíða allt að þrettán skuttogara í þeim tilgangi, að þeir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum.

Til þessara framkvæmda er ríkisstjórninni heimilt að taka lán, er nemi allt að 80% af byggingarkostnaði skipanna, til þess tíma og með þeim kjörum, sem um semst. Veðsetja skal togarana með 1. veðrétti til tryggingar láninu, og skal sú veðsetning halda fullu gildi, þótt togararnir verði seldir.

#### 2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að leggja fram úr ríkissjóði allt að 7.5% byggingarkostnaðar skipanna á byggingartíma þeirra, og skulu kaupendur skipanna endurgreiða þetta framlag, þegar greiðslu lána, sem veitt eru samkvæmt 3. gr., er að fullu lokið, samkvæmt reglum, sem ríkisstjórnin setur um það efni.

#### 3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að lána kaupendum togaranna allt að 80% af andvirði þeirra til allt að 18 ára. Heimilast henni að nota til þess það lán, sem um ræðir í 1. gr., og taka til viðbótar lán, sem með þarf. Lánin skulu veitt með þeim kjörum, sem ríkisstjórnin ákveður, enda skuldbindi kaupendur sig til að greiða til Ríkis-ábyrgðasjóðs ákveðinn hundraðshluta af brúttóflaverðmæti skipanna samkvæmt reglum, er ríkisstjórnin setur, og gangi fé þetta til greiðslu afborgana og vaxta af lánunum og framlags úr ríkissjóði samkvæmt 2. gr.

Lán samkvæmt 1. mgr. skulu veitt lántakendum með þeim kjörum, að þeir beri halla eða njóti hagnaðar, er verða kann vegna gengisbreytinga, þannig að vaxta- og afborganagreiðslur hækki eða lækki í íslenskum krónum í hlutfalli við slíkar breytingar.

#### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 4. júlí 1972.*

**Kristján Eldjárn.**

(L. S.)

*Lúðvík Jósepsson.*